




Vegagerðin

Framkvæmdafréttir

23. október 2023 – nr. 727
5. tölublað – 31. árgangur



Eyjafjarðarbraut vestri (821). Framkvæmdir við færslu vegarins austur fyrir Hrafnagil.

02 Angróbryggjan bæjarprýði á ný / 05 Fyrir og eftir í Reykjavjarðarkrók / 06 Eyjafjarðarbraut vestri færð austur fyrir Hrafnagil / 08 Nýir rafgeymar í Málmeyjarvita / 10 Undirbúningur vegna Sundabrautar hafinn / 12 Fjölmenni á Vísindavöku Rannís / 14 Brúarflokkar Vegagerðarinnar – Yfir 100 ára saga / 23 Yfirlit yfir útboðsverk / 25 Niðurstöður útboða

Framkvæmdafréttir

Ósk um áskrift
www.vegagerdin.is/framkvæmdafréttir

Ritstjórn og umsjón
Sólveig Gísladóttir
Sigríður Inga Sigurðardóttir

Ábyrgðarmaður
G. Pétur Matthíasson

Hönnun
Kolofon

Umbrot
Elín E. Magnúsdóttir


Forsíðumynd
Vilhelm Gunnarsson

Prentun
Prentmet Oddi

Leturgerð
Vegagerðin FK Grotesk

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verkötum. Listi yfir fyrirhuguð útboð er birtur, greint er frá niðurstöðum útboða og einnig samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem talið er að eigi erindi til lesenda.

Blaðið kemur út á tveggja mánaða fresti að jafnaði og er áskrift endurgjaldslaus.



Angróbryggjan bæjarprýði á ný

↑
Nýja bryggjan er
mikil bæjarprýði.

Þeim fer fækkandi sem kunna þá list að byggja harðviðarbryggjur. Guðmundur Guðlaugsson húsasmíðameistari er einn þeirra sem kann til verka enda hefur hann starfað við bryggjusmíði frá unga aldri, fyrst með föður sínum og síðar á eigin vegum. Guðmundur kláraði smíði Angróbryggjunnar á Seyðisfirði í sumar og er mikil prýði af henni.

„Gamla bryggjan var orðin mjög döpur og mikill munur á ásjónu hennar nú. Ég hef fengið mjög góð viðbrögð frá fólki í bænum sem er mjög ánægt með nýju bryggjuna,“ segir Guðmundur sem kláraði bryggjusmíðina í lok júlí á þessu ári.

Gamla Angróbryggjan, sem dregur nafn sitt af hinu sögufræga Angróhúsi á Seyðisfirði, var upprunalega reist í kringum árin 1945 til 1947. Hún var úr furu, um 50 m á lengd og 9 m á breidd með 7 m viðlegudýpt. Angróhúsið var byggt 1880 af Otto Wathne, sem oft er kallaður faðir Seyðisfjarðar. Það var í fyrstu kallað Engros, sem þýðir verslun, en með tímanum þróaðist nafn hússins í Angró. Á sínum tíma var húsið notað undir sildarverkun, verslun og íbúð og var í raun vaggja stórveldis Wathne og nátengt fyrra sildarævintýrinu á Íslandi.

Hafnadeild Vegagerðarinnar gerði ástandsskoðun á bryggjunni í mars 2021 og kom þá í ljós afar bágborið ástand hennar, sér í lagi á suðurenda bryggjunnar sem fór illa út úr aurskriðunum í desember 2020.

Ný bryggja var boðin út 2022. Héraðsverk átti lægsta tilboðið upp á 146 m.kr. en Guðmundur, einn þekktasti bryggjusmíðjur á Íslandi, sá um bryggjusmíðina en hann hefur smíðað ófáar harðviðarbryggjur í gegnum tíðina.

„Já, ég hef smíðað gríðarlega margar. Fyrst með föður mínum og síðar fór ég sjálfur að bjóða í verk þegar hann var fallinn frá. Þetta hefur verið stór hluti af mínu starfi, líklega í kringum 70 prósent af minni vinnu snýst um bryggjusmíði,“ segir Guðmundur. Inntur eftir því hvort margir kunni þetta verklag segir hann að þeim fari fækkandi. „Þeim hefur fækkað sem hafa reynslu af slíkri bryggjusmíði en það er fylgifiskur þeirrar þenslu sem hefur verið í þjóðfélaginu og færri sem sækjast í þessi verkefni.“

En harðviðarbryggjunnar sjálfar, fer þeim fækkandi? „Nei, alls ekki. Harðviðarbryggjur verða alltaf til staðar enda hentar alls ekki alls staðar að vera með stálþil.“ Á Seyðisfirði er það einmitt uppi á teningnum. Fjörðurinn er mjög djúpur á þeim stað sem Angróbryggjan stendur og ekki hægt að nota stálþil. Þá skipti það einnig Múlaping nokkru máli að halda í upprunalegt útlit bryggjunnar enda eru þrjár aðrar trébryggjur á svipuðum slóðum í svipuðum stíl.

↓
Við ástandsskoðun í mars 2021 kom í ljós
að bryggjan var afar illa farin.



Nýja bryggjan er nánast í upprunalegri mynd og byggð úr svokölluðum Greenheart harðviði, sem fenginn er úr sjálfbærri skógrækt frá Gvæjana í Suður-Ameríku. Angróbryggjan er þannig fyrsta timburbryggjan á Íslandi sem er í heild unnin úr timbri sem fengið er úr sjálfbærri skógrækt og þannig með minna kolefnisfótspor en annars. Angróbryggjan er þannig fyrsta timburbryggjan á Íslandi sem er í heild unnin úr timbri sem fengið er úr sjálfbærri skógrækt og þannig með minna kolefnisfótspor en annars. „Það var mjög gott að vinna með þetta timbur, það var svipað og annar harðviður en þó aðeins mýkra. Mjög gott efni,“ lýsir Guðmundur.

Guðmundur segir smíðina hafa gengið vel þegar til þess viðraði. „Við byrjuðum í september í fyrra en um haustið gerði mikla rigningu og við urðum frá að hverfa. Svo byrjuðum við aftur í lok febrúar og náðum hálfum mánuði. Þá var farið að snjóa mikið og snjóflóð féll þannig að allt var á kafi. En þegar við gátum unnið þá gekk allt mjög vel og við vorum þokkalega innan tímarammans þótt einhverjar tafir hafi orðið vegna veðurs,“ segir Guðmundur.


Guðmundur var þó ekki einn við smíðina. „Þegar við smíðum svona bryggju þurfum við að vera fjórir til fimm auk tækjamanna þegar þannig ber undir. Þetta er töluverð krana- og lyftaravinna enda efnið þungt í hönd.“

Guðmundur segir annars um hefðbundna bryggjusmíði að ræða og ekkert sérstakt hafi komið uppá. „Reyndar hef ég ekki áður séð gúmmífendara eins og eru notaðir á nýju bryggjunum. Þetta eru gúmmihólkar sem eru lóðréttir og boltaðir framan á bryggjunum og því ekki þörf á dekkjum eins og víða eru notuð.“ ■



↑
Guðmundur Guðlaugsson bryggjusmíður til vinstri með Rúnari Gunnarssyni yfirhafnarverði á Seyðisfirði sem var að vonum ánægður með nýju bryggjunum.

↓
Smíði nýju bryggjunnar lauk í júlí 2023.



Fyrir og eftir í Reykjarfjarðarkrók

Fyrri myndin sem hér sést var tekin 6. janúar 2022 og sýnir vel ástandið á Strandavegi, nánar tiltekið á um 300 metra kafla í svokölluðum Reykjarfjarðarkrók í Reykjarfirði. Þar sem vegurinn lá lágt hafði sjór greiða leið upp á hann sem var afar bagalegt enda er þetta eini vegurinn frá Djúpavík í Gjögur. Þegar myndin var tekin var um klukkutími frá háflóði en á þaranum í efri kanti sést hve sjórinn náði hátt.

↑
Reykjarfjarðarkrókur fyrir.

↓
Reykjarfjarðarkrókur eftir.



Síðari myndin er tekin sumarið 2023 en veginum var breytt sumarið áður. Þá gerði Vegagerðin samning við Orkubú Vestfjarða sem fékk leyfi til að plægja ljósleiðara og rafstreng í jörð í veghelgunarsvæði. Það efni sem féll til við þá framkvæmd var síðan notað til að byggja upp Strandavegin. Efnið var það mikið að hægt var að skipta út nokkrum gömlum ræsum og byggja upp veginn. Þetta er dæmi um gott samstarf og góða nýtingu efnis. ■



Eyjafjarðarbraut vestri færð austur fyrir Hrafnagil



Nýja veglinan sveigir austur fyrir þorpið og kemur til með að liggja milli þess og Eyjafjarðarár.
Mynd: Vilhelm Gunnarsson

Framkvæmdir standa yfir við Eyjafjarðarbraut vestri (821). Verkið felst í nýbyggingu Eyjafjarðarbrautar vestri á um 3,11 km kafla fram hjá þéttbýlinu við Hrafnagil. Verkinu á að ljúka í júlí 2024.

Verkefnið ber heitið Eyjafjarðarbraut vestri (821) um Hrafnagil. Tilboð í verkið voru opnuð 8. mars 2022 og í framhaldi samið við lægstbjóðendur, GV Gröfur ehf. á Akureyri.

Verkið felst í nýbyggingu Eyjafjarðarbrautar vestri á um 3,11 km kafla fram hjá þéttbýlinu við Hrafnagil. Einnig er innifalið í verkinu bygging heimreiða og tenginga, samtals um 0,25 km. Eyjafjarðarbraut vestri, Miðbraut og tengingar inn í þéttbýlið verða 8.0 m breiðar með bundnu slitlagi. Heimreiðar verða 4,0 m breiðar með bundnu slitlagi.

Þéttbýlið í Hrafnagili hefur byggst hratt upp á undanförunum árum. Um síðustu aldamót bjuggu um 135 manns í þorpinu, íbúar voru orðnir 260 fyrir fimm árum en eru í dag um 350 talsins (heimild: Hagstofan).

Núverandi þjóðvegur liggur í gegnum þorpið og óskaði sveitarfélagið Eyjafjarðarsveit eftir því að vegurinn yrði færður út fyrir þorpið, fyrst og fremst til að auka umferðaröryggi enda er hraði umferðar þarna í gegn oft mikill. Meðalumferð á ári (ÁDU) um Eyjafjarðarbraut vestri árið 2020 var um 1470 bílar á sólarhring. Með auknum íbúafjölda hefur uppbygging




Unnið að færslu Eyjafjarðarbrautar austur fyrir Hrafnagil.

Íbúðahúsnæðis í þorpinu vaxið. Land sem verður til við færslu þjóðvegarsins er dýrmætt byggingarland sem mun stuðla að enn meiri uppbyggingu á þessu svæði.

Framkvæmdir við nýja veginn hófust sumarið 2022. Nýja veglinan sveigir austur fyrir þorpið og kemur til með að liggja milli þess og Eyjafjarðarár. Fyrsta verkefni verktakans var að setja fyllingar og farg á hina nýju veglinu. Þar sem vegurinn mun liggja eftir sléttu landi á eyrum Eyjafjarðarár, þar sem jarðvegur er bæði sendinn og leirkenndur, var nauðsynlegt að hann fengi að síga í dágóðan tíma.


Í byrjun október var búið að taka fyllingar af veginum. Grjótverja þarf allan veginn og var það verk langt komið í byrjun október. Næstu skref eru að keyra út styrktarlag í veginn og síðan burðarlag. Vegrið verður á stórum hluta vegarsins þeim megin sem snýr að ánni. Vegurinn verður klæddur næsta sumar en verklok eru áætluð 15. júlí 2024.



Bjóðandi	Tilboð kr.	Hlutfall	Frávík þús.kr.
→ Áætlaður verktakakostn.	496.698.973	100,0	123.145
→ Árni Helgason ehf., Ólafsfirði	489.850.915	98,6	116.297
→ Nesbræður ehf., Akureyri	478.521.007	96,3	104.967
→ G.Hjálmarsson hf., Akureyri	471.437.831	94,9	97.884
→ G.V.Gröfur ehf., Akureyri	373.553.668	75,2	0

Helstu magntölur eru:

→ Fylling úr námum	65.700 m ³
→ Fylling úr skeringum	40.830 m ³
→ Fláafleygar úr námum	9.060 m ³
→ Fláafleygar úr skeringum	6.890 m ³
→ Ræsalögn	661 m
→ Styrktarlag	19.290 m ³
→ Burðarlag	7.160 m ³
→ Rofvörn og síulag	27.070 m ³
→ Tvöföld klæðing	32.340 m ²
→ Vegrið	2.850 m
→ Frágangur fláa	46.780 m ²





Nýir rafgeymar í Málmejarvita



Málmejarviti.

Vegagerðin fékk aðstoð frá Landhelgisgæslunni í sumar við að hífa tíu rafgeyma, samtals 270 kíló, í Málmei á Skagafirði.

Árlega fara rafvirkjar Vegagerðarinnar í sjóferð, hringinn í kringum landið, með varðskipi Landhelgisgæslunnar og huga að viðhaldi og eftirliti á þeim vitum, sjómerkjum og ljósduflum sem aðeins má komast að sjóleiðina.

„Við fórum í þessa ferð í maí á þessu ári. Þegar við komum í Málmejarvita uppgötvaðist að allir rafgeymarnir í vitanum voru ónýtir. Á þeim tímapunkti vorum við búnir að nota alla rafgeyma sem við höfðum lagt af stað með og því vandi á höndum,“ segir Guðmundur Jón Björgvinsson rafvirki sem farið hefur ófáar vitaeftirlitsferðir síðustu árin.

„Þegar heim var komið fórum við í það að reyna að útvega fleiri rafgeyma sem gekk framur vonum. Síðan höfðum við samband við Landhelgisgæsluna til að fá aðstoð við að koma þeim út í eyjuna og ná í gömlu rafgeymana,“ lýsir Guðmundur en rafgeymarnir voru tíu, samtals 270 kíló að þyngd.

Varðskipið Freyja var fengið til verksins ásamt þyrlunni TF-EIR.



Þyrlan TF-EIR flytur niðþunga rafgeyma út í Málmei.



TF-EIR og varðskipið Freyja úti fyrir Málmei á Skagafirði.



Guðmundur Jón Björgvinsson með tveimur starfsmönnum Gæslunnar.

„Við ókum með rafgeyma norður til móts við þá Landhelgisgæslumenn þann 17. ágúst. Síðan voru þeir ferjaðir með einum léttabátinum um borð í Freyju. Þar voru þeir gerðir klárir fyrir þyrluferðina. Síðan fór ég í land í Málmei ásamt þremur starfsmönnum Gæslunnar til að undirbúa komu rafgeymanna, en við þurftum að aftengja gömlu rafgeyma og færa þá út. Svo nýttum við tímann meðan við biðum eftir þyrlunni til að sinna viðhaldi.“

TF-EIR, sem hafði verið í öðru verkefni sem fólst í að ferja vísindamenn að skjálftasvæðinu við Skjálftandaflóa og Gjögurtá, kom loks og ferjaði nýju rafgeyma úr varðskipinu út í eyju, og tók þá gömlu til baka, þeir voru 21 talsins og vógu 440 kíló. „Það gekk allt upp eins og í sögu enda veðrið fallett. Við prófuðum síðan búnaðinn og allt lítur mun betur út núna,“ segir Guðmundur sem er afar þakklátur góðu samstarfi við starfsmenn Landhelgisgæslunnar. ■





Undirbúningur vegna Sundabrautar hafinn



Hér má sjá áhrifsvæði Sundabrautar.



Helga Jóna Jónasdóttir, verkefnisstjóri Sundabrautar á opnum kynningarfundum í Mosfellsbæ.

Sundabraut var til kynningar á sex fundum sem Vegagerðin kom að í október. Mikill áhugi er á málefnum sem varða Sundabraut og fjöldi fólks sótti fundina. Helga Jóna Jónasdóttir, verkefnisstjóri Sundabrautar, segir að þar hafi matsáætlun vegna umhverfisáhrifa Sundabrautar og fyrirhugaðar aðalskipulagsbreytingar verið til umfjöllunar. „Vinna við frumhönnun veglínu og helstu mannvirkja stendur yfir og ætti að ljúka í kringum áramót,“ segir hún.

Vegagerðin, í samvinnu við Reykjavík, vinnur að undirbúningi Sundabrautar frá Sæbraut að Kjalarnesi. Markmið framkvæmdarinnar er að bæta samgöngur fyrir alla ferðamáta, dreifa umferð og bæta tengingar við og innan höfuðborgarsvæðisins, stytta akstursleiðir og ferðatíma og minnka þannig útblástur og mengun. Til skoðunar eru valkostir á legu Sundabrautar, auk tenginga við byggð og atvinnustarfsemi. Áætlaður framkvæmdatími er á árunum 2026-2031 og framkvæmdin verður boðin út sem samvinnuverkefni.

Í októberbyrjun héldu Vegagerðin og Reykjavíkurborg þrjú kynningarfundum þar sem matsáætlun vegna umhverfisáhrifa Sundabrautar og fyrirhugaðar aðalskipulagsbreytingar voru til umfjöllunar. Einnig var haldinn morgunfundur í beinu streymi hjá Vegagerðinni, auk tveggja kynningarfundum fyrir íbúa og hagaðila á Akranesi og í Mosfellsbæ. Hægt var að senda athugasemdir til Skipulagsstofnunar til 19. október. Á síðari stigum verkefnisins verður einnig hægt að senda inn athugasemdir vegna Sundabrautar og verður það kynnt rækilega þegar þar að kemur.

„Sundabraut er eitthvert stærsta einstaka samgönguverkefni sem við höfum tekist á hendur og þar eru bæði miklir hagsmunir og fjármunir í húfi. Þótt við höfum lagt áherslu á að kynna fyrirhugaðar framkvæmdir vel í nærumhverfinu og á þeim svæðum sem verða fyrir hvað mestum áhrifum af Sundabraut má segja að framkvæmdin varði alla landsmenn, enda góðar tengingar við og innan höfuðborgarsvæðisins allra hagur. Þess vegna höfum við reynt að vekja sem mesta athygli á verkefninu og lagt okkur fram um að draga fram sem flest sjónarmið í umhverfismatsferlinu,“ segir Helga Jóna, en matsáætlunin er í raun verklýsing fyrir yfirstandandi og komandi umhverfismatsferli.

„Í matsáætlun er gerð grein fyrir þeim valkostum sem eru til skoðunar og fjallað um þá umhverfisþætti sem stendur til að meta. Það er ekki hægt að útiloka að okkur hafi yfirsétt einhverjir valkostir eða umhverfisþættir sem vert er að taka til skoðunar í ferlinu. Þess vegna höfum við hvatt íbúa, hagaðila og aðra áhugasama til að skila inn umsögnum um matsáætlunina,“ greinir Helga Jóna frá.

En hver skyldu svo næstu skref í þessu ferli vera?

„Umhverfismatsferlið heldur áfram og við bindum vonir við að það klárast næsta sumar. Vinna við frumhönnun veglínu og helstu mannvirkja stendur yfir og ætti að ljúka í kringum áramót. Sama máli gegnir um gerð viðskiptaáætlunar fyrir verkefnið. Í nóvember og desember ætlum við að ráðast í rannsóknarboranir í fyrirhuguðu vegstæði, bæði á landi og í sjó. Á einhverjum tímapunkti þarf síðan að velja á milli þeirra valkosta sem koma til greina þannig að við getum hafið útboðsferli samvinnuverkefnisins næsta haust,“ upplýsir Helga Jóna.

Sundabraut er búin að vera í umræðunni síðan 1975 eða svo. Er mikið til af gögnum sem hægt er nota í þessu ferli sem nú stendur yfir?

„Við græðum heilmikið á fyrri vinnu við frumdrög og mat á umhverfisáhrifum. Þar er búið að skerpa á valkostum og umhverfisþáttum, útiloka sumt og opna á annað. Það styrkir líka stöðu verkefnisins að Sundabraut hafi verið á aðalskipulagi Reykjavíkur um áratuga skeið. Áður en við byrjum að framkvæma þurfum við eftir sem áður að klára útboðsferli, for- og verkhönnun, deiliskipulagsvinnu og fá öll tilskilin leyfi. Ekkert af þessu verður hrist fram úr erminni enda afar mikilvægt að vanda til verka þegar svo umfangsmikil framkvæmd er annars vegar,“ segir Helga Jóna að lokum. ■



Fjölmenning á Vísindavöku Rannís

↓
Mikill áhugi
var á starfsemi
Vegagerðarinnar.

Vegagerðin tók þátt í Vísindavöku Rannís sem haldin var laugardaginn 30. september í Laugardalshöll. Ríflega 6500 manns mættu á staðinn til að upplifa þessa uppskeruhátíð vísindanna.

Vísindavaka Rannís var fyrst haldin árið 2006 en hún er haldin samtímis í helstu borgum Evrópu síðustu helgina í september undir heitinu Researchers' Night. Sýnendur á Vísindavöku eru fjölmargir, svo sem allir háskólar Íslands ásamt mörgum stofnunum og fyrirtækjum sem sinna rannsóknum í samfélaginu. Vegagerðin tók þátt í Vísindavöku í fyrsta sinn í ár. Þar sýndi stoðdeild mannvirkjasviðs Vegagerðarinnar ýmis tæki og tól sem eru nauðsynleg í rannsóknarstarfi stofnunarinnar svo hanna megi vegi og framkvæma á sem bestan og hagkvæmasta hátt.

Meðal þess sem Vegagerðin sýndi var:

Nýtt falllód. Vegagerðin festi kaup á nýju falllóði á þessu ári en falllód er notað til að finna burðarþolsgildi vega. Það er í stórum dráttum kerra með þungu lóði sem er látið falla á veginn í ákveðinni hæð. Næmar í tækinu geta metið styrk vegbyggingarinnar. Nýja falllód Vegagerðarinnar er 320 kN (kilonewton) en til samanburðar var fyrirrennari þess aðeins 50 kN.



Veggreinir. Veggreinir er hátæknimælillibill sem tekinn var í notkun hjá Vegagerðinni árið 2018. Hann er afar vel útbúinn og getur mælt yfirborð, nánasta umhverfi og uppbyggingu vega með auðveldum hætti. Á meðan bílnum er ekið er gögnum safnað með myndatökum og mælingum. Mælingarnar eru svo lesnar inn í sérútbúinn hugbúnað sem aðstoðar við ástandsmat vega og getur þannig aðstoðað starfsmenn Vegagerðarinnar við að forgangsraða vegum sem þarfnast viðhalds og meta umferðaröryggi þeirra.

Jarðsjádróni. Með jarðsjádrónanum, sem keyptur var í sumar, var stigið stórt skref í hugbúnaði og úrvinnslu jarðsjárgagna hjá Vegagerðinni. Dróninn kemst mun víðar en hefðbundin jarðsjá og hann má nota til að auka öryggi í rannsóknum, auka nákvæmni áætlaða og magntöku. Með upplýsingum úr jarðsjádróna er til dæmis hægt að minnka líkur á að upp komi óvæntar aðstæður við framkvæmdir.

Rannsóknastofa. Rannsóknastofa Vegagerðarinnar flutti í nýtt og betra húsnæði sumarið 2021. Þá var tækjabúnaður hennar endurnýjaður að stórum hluta. Á rannsóknastofunni í Garðabæ eru framkvæmdar ýmsar grunnrannsóknir en á Vísindavöku var kynnt hvað þar fer fram.

Þversnið af vegi. Á Vísindavöku var til sýnis sívalningur sem sýndi hvernig uppbygging vegar á að vera. Neðsta lagið er fylling, þá kemur styrktarlag, burðarlag og loks slitlag.

Bein útsending frá jarðhita undir vegi í Hveradöllum. Aukin jarðhitavirkni mældist undir Hringvegi (1) í Hveradalabrekku, við Skíðaskálann í Hveradöllum, í maí. Vegagerðin vinnur að rannsóknum á svæðinu en á Vísindavöku var meðal annars sýnd bein útsending frá hitamyndavél af svæðinu. ■

↑
Fremst má sjá falllóðið, þá jarðsjádrónann og loks veggreininn. Bein útsending frá jarðhitasvæði í vegstæði á Helliðshóli má sjá á skjánum.

↓
Þversnið af hinum fullkomna vegi.





Brúarvinnuflokkar Vegagerðarinnar Yfir 100 ára saga



Höfundur:
Hreinn Haraldsson,
fyrrverandi
vegamálastjóri

Í þessari grein er ætlunin að fara fyrst stuttlega yfir tilurð og sögu brúarvinnuflokka Vegagerðarinnar. Í síðari hluta hennar er lýsing á dæmum um verk slíkra flokka við smíði þriggja bráðabirgðabréa eftir skyndileg flóð í ám á Suðurlandi sem ollu skemmdum á mannvirkjum og rofi á vegasamgöngum. Greinin byggir á fyrirlestri höfundar á brúarráðstefnu Vegagerðarinnar 26. apríl 2023.

Vinnuflokkar í vega- og brúargerð á fyrri tímum

Á síðari hluta 19. aldar og fram undir 1920 voru verkefni í vega- og brúargerð yfirleitt boðin út og sú tilhögun er því síður en svo einhver nýlunda. Alþingi tók ákvörðun um einstakar stærri framkvæmdir og landsstjórnin óskaði eftir tilboðum í verkin. Steinsmiðir, húsasmíðir eða aðrir framkvæmdamenn skiluðu

inn tilboðum og yfirleitt var lægsta tilboði tekið. Sá sem fékk verkið fékk síðan til liðs við sig verkamenn og oft bændur, starfsmenn sem ekki voru endilega vanir slíkum framkvæmdum. Smíðirnir tóku oft að sér verk hvert á fætur öðru en höfðu ekki fastan flokk starfsmanna með sér, enda verkefni stopul. Oft voru aðdrættir á efni boðnir út sérstaklega og yfirleitt voru það bændur með sínu vinnufólki sem tóku það að sér og þurftu oft stóran hóp hrossa við flutningana.

Stálsmiði fyrir stórbrýr, svo sem á Ölfusá og Þjórsá á síðasta áratug 19. aldar, sem telja má fyrstu nútímabrýrnar, fór fram erlendis, oft í Bretlandi eða Danmörku, eftir útboð. Brú á Blöndu var smíðuð í Noregi. Íslenskir verkstjórar og verkamenn sáu yfirleitt um að hlaða stöpla undir brýrnar ásamt samsetningu og frágang á brúnum sjálfum. Sumir þeirra fóru milli landshluta til að taka þátt í brúarsmiði þannig að viss reynsla fluttist á milli verka. Fastir vinnuflokkar voru ekki til en einstaka smíðir höfðu nánast fulla atvinnu af smíði brúa og réðu síðan til sín starfsmenn af viðkomandi svæði í hvert sinn. Engir vinnuflokkar voru starfandi á vegum ríkis eða sveitarfélaga (landssjóðs og sýslusjóða).

Sama tilhögun var viðhöfð um vegavinnu. Fastir verkstjórar eða vinnuflokkar voru ekki starfandi kringum aldamótin, heldur var samið við misjafnlega verkfróða menn um einstök verkefni og þeir réðu til sín fólk úr nærsveitum. Ungir menn sóttust eftir að komast í vegavinnu, enda þóttu launin góð. Guðjón Backmann, sem lengstum bjó í Borgarnesi, er sennilega fyrsti vegaverkstjórninn sem var ráðinn til landsverkfræðings til að taka að sér verkstjórn við vegagerð, en það var árið 1907. Vegaverkstjórum fór síðan hægt fjölgandi þar til skipað var í embætti vegamálastjóra 1917, þá fór þeim ört fjölgandi og bar hver um sig ábyrgð á einstökum héruðum um allt land. Þegar fyrsti vegamálastjórninn, Geir G. Zoëga, lauk störfum árið 1955 voru starfandi á fjórða tug vegaverkstjóra hjá Vegagerðinni. Brúarvinnuflokkar voru mun færri.

Brúalögin 1919

Árið 1919 voru sett sérstök brúalög á Alþingi sem tóku gildi ári síðar. Hætt var að veita fé til einstakra brúa á fjárlögum eða samkvæmt ályktun þingsins og kostnaður þá settur á fjárukalög. Með þessum nýju lögum gat landsstjórnin látið byggja allar þær brýr sem talin var nauðsyn á, bæði á þjóðvegum og sýsluvegum. Gerð var áætlun um smíði 70 brúa á næstu 20-30 árum, úr járni eða járnbenstri steinsteypu. Tekin voru lán til að fjármagna verkefnið. Vegamálastjóri (embættið varð til 1917) og landsstjórnin ákváðu framkvæmdaröðina. Með þessu gat vegamálastjóri farið að halda úti föstum flokki starfsmanna, einkum smíðum sem voru vanir brúarsmiðum og unnu bæði sumar og vetur. Þess má geta að Geir G. Zoëga vegamálastjóri samdi frumvarp til brúalaganna! Þessir fastráðnu brúasmíðir réðu svo til sín flokk manna við einstakar framkvæmdir, oft úr nágrannasveitum. Einnig var algengt að námsmenn réðu sig í brúarvinnu á sumrin árum saman, oft hjá sama brúarsmiðnum. Þannig urðu til nokkuð fastir flokkar kringum hvern brúarsmið. Það má því segja að saga brúarvinnuflokka Vegagerðarinnar sé nú orðin riflega 100 ára löng.

Brúarvinnuflokkur.

Hvítá í Borgarfirði, brú 106 m, vígð 1928.





Fjöldi brúarvinnuflokka

Fjöldi flokka var nokkuð misjafn frá einum tíma til annars. Þeir virðast hafa verið flestir um 1955 eða 14 talsins. Þeir byggðu brýr vítt og breitt um landið en það ár voru meðal annars í byggingu þrjár stórbryr, yfir 100 metra langar; á Hvítá hjá Iðu, Skjálfandafljót í Bárðardal og Hofsá í Álftafirði.

Í upphafi 7. áratugar voru gerðir út 9 flokkar. Þeim fór síðan fækkandi, ekki síst vegna aukinna útboða snemma á 9. áratugnum. Flokkarnir voru ekki allir lagðir niður samtímis heldur hættu þeir starfsemi þegar viðkomandi brúarsmiður lauk störfum vegna aldurs, flestir á árunum 1987 til 1995. Haukur Karlsson brúarsmiður lauk störfum í árslok 2005. Frá byrjun árs 2006 hafa síðan tveir brúarvinnuflokkar verið starfandi allt árið, annar á Hvammstanga og hinn í Vík í Mýrdal.



Brúarvinnuflokkur við Hvítá í Borgarfirði.



Hópur starfsmanna við brúargerð yfir Þjórsá.



Múlakvísl. Hreinn fylgist með bíl aka yfir bráðabirgðabrú.



Núverandi brúarvinnuflokkar

Það hefur alltaf verið skýr stefna Vegagerðarinnar að starfandi brúarvinnuflokkar eigi að vera þáttur í starfsemi stofnunarinnar. Rökin fyrir því að halda úti tveimur eigin brúavinnuflokkum eru einkum tvennskonar:

→ *Lítið er á flokkana sem hluta af viðbragðskerfi samfélagsins vegna náttúruhamfara. Mikilvægt er að hafa aðgang að þaulæfðum mönnum sem hægt er að kalla til starfa með mjög stuttum fyrirvara þegar ófyrirséðir atburðir verða, svo sem skemmdir á brúm vegna flóða, og tryggja að umferð geti farið sem fyrst um aftur með sem minnstum truflunum.*

→ *Nauðsynlegt er að Vegagerðin ráði yfir ákveðinni verkþekkingu til að geta samið við verkfræðistofur og verktaka. Hún færst með rekstri lítilla vinnuflokka. Úttektir hafa sýnt að kostnaður er ekki meiri en með aðkeyptri vinnu á almennum markaði.*

Smíði flestra brúa er nú boðin út og hefur verið svo í mörg ár. Starfsemi flokka Vegagerðarinnar hefur hverfandi áhrif á verktakamarkaðinn. Helstu verkefni þeirra snúa að viðhaldi brúa og einstaka nýbyggingum, auk öryggishlutverksins.

Flestar brýr sem finna má á vegakerfinu í dag voru reistar af brúarvinnuflokkum Vegagerðarinnar á árunum 1920-2000. Það eru sjálfsagt meira en 1000 brýr, enda heildarfjöldi brúa á landinu í dag nálægt 1200 og af þeim um 700 einbreiðar. Á síðustu árum og áratugum hafa hins vegar verktakar á almennum



Hvítá í Borgarfirði. Brú 106 m, vígð 1928.



Jökulsá á Fjöllum. Brú 102 m, byggð 1947.



Borgarfjarðarbrú 520 m, vígð 1981.



Jökulsá á Breiðamerkursandi. Brú 108 m, opnuð 1967.



markaði tekið við og byggt flestar brýr og gert það með sóma, ekki síður en fyrri brúarsmiðir. Ekki er ástæða til að gera hér grein fyrir öllum þessum mannvirkjum heldur vísað til hins góða rits, „Brýr að baki – brýr á Íslandi í 1100 ár“, sem út kom árið 2006. Höfundur bókarinnar er Sveinn Þórðarson sagnfræðingur og formaður ritnefndar var Einar Hafliðason, fyrrv. forstöðumaður brúadeildar Vegagerðarinnar.

Hér eru sýnd örfá dæmi af handahófi um stórbryr sem brúarvinnuflokkar Vegagerðarinnar hafa byggt á fyrri árum, en til er mikið safn ljósmynda af brúm á Íslandi sem flokkarnir hafa reist:



Byggðu bráðabirgðabrýr á methraða

Á undanförunum áratugum hefur starf brúarvinnuflokka Vegagerðarinnar einkum vakið athygli þegar þurft hefur að bregðast hratt við og reisa bráðabirgðabrýr eftir að flóð hafa skemmt eða hrifið á brott þær brýr sem fyrir voru. Samfélagið allt hefur í æ ríkari mæli reitt sig á að umferðin geti gengið snuðrulaust fyrir sig á helstu þjóðvegum landsins allt árið um kring. Vinnusókn utan heimilis, dagleg skólasókn innan héraðs og utan, ferðir til að sækja verslun og þjónustu, vaxandi umferð ferðamanna og fleira mætti telja til þar sem vegfarendur treysta á að komast hindrunarlaust á milli staða. Kröfur hafa því til dæmis vaxið mjög um aukna vetrarþjónustu og bætta upplýsingagjöf um ástand vegakerfisins á hverjum tíma. Þegar rof verður á þessu nauðsynlega flæði umferðarinnar, eins og þegar skörð koma í vegi eða skemmdir verða á brúm, eru skiljanlega uppi kröfur um að allt verði gert til að koma sambandi á aftur sem allra fyrst. Hér verða rífuð upp þrjú dæmi sem margir muna eftir þar sem aðkoma og viðbragð brúarvinnuflokka áttu stóran þátt í að lágmarka skaðann af rofi á vegasamgöngum eftir hamfarafloð í ám.

Flóðin urðu í þessum þremur vatnsföllum:

- Gígjukvísl á Skeiðarársandi 1996
- Múlakvísl á Mýrdalssandi 2011
- Steinavötn í Suðursveit 2017



Gígjukvísl á Skeiðarársandi 1996

Hringvegurinn á Skeiðarársandi var opnaður árið 1974 og þar voru þrjár stórbrýr, á Súlu, Gígjukvísl og Skeiðará. Það var vel þekkt að stór jökulhlaup höfðu oft komið í þessar ár, einkum Skeiðará. Þau stærstu tengdust eldgosum undir Vatnajökli, oftast í Grímsvötnum. Síðasta stóra hlaupið hafði orðið 1938.

